

Reykjavík, 30.11.2012

/

Utanríkismálanefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 141/794
komudagur 30.11.2012

Efni: Tilskipun 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jarðlögum

Þann 27. nóvember sl. setti ritari utanríkismálanefndar Alþingis sig í samband við umhverfisstjóra Orkuveitu Reykjavíkur og óskaði eftir umsögn fyrirtækisins um innleiðingu ofangreindar tilskipunar hér á landi.

Með tilskipuninni eru settar rammareglur um örugga geymslu koltvísýrings í jarðlögum. Tilgangur þess að fanga koltvísýring varanlega úr andrúmsloftinu er að draga úr neikvæðum áhrifum og áhættu fyrir umhverfið og heilsu manna, að því marki sem mögulegt er, og leggja þannig lóð á vogarskálarnar í baráttunni gegn hlýnun jarðar af völdum gróðurhúsaáhrifa.

Fram hefur komið að umhverfis- og auðlindaráðuneytið hyggist leggja til að nýtt verði sú heimild í tilskipuninni að banna geymslu koltvísýrings í skilningi tilskipunarinnar á öllu yfirráðasvæði Íslands vegna verulegs kostnaðar fyrir ríkissjóð af innleiðingu. Slíkt bann komi þó ekki í veg fyrir að kolefnisföngun og -geymsla verði heimiluð síðar, ef ástæða þyki til.

Orkuveita Reykjavíkur er einn af aðalþátttakendum í nýsköpunarverkefninu CarbFix, sem miðar að því að draga úr útblæstri koltvísýrings frá virkjunum á Hengilssvæðinu. Í verkefninu er koltvísýringur leystur upp í vatni og dælt niður djúpt í berglög. Koltvísýringur er algengasta gróðurhúsalofttegundin sem veldur hlýnun andrúmsloftsins en ætlunin er með verkefninu að sýna fram á að hægt sé að binda hann varanlega á föstu formi djúpt í hraunlögum í nágrenni virkjunarinnar. Í verkefninu er leitast við að líkja eftir náttúrulegu ferli sem á sér þegar stað á jarðhitasvæðum og er því um mótvægisáðgerð að ræða sem vonast er til að sátt muni ríkja um.

CarbFix verkefninu var hleypt af stokkunum haustið 2007. Verkefnisstjórn er í höndum Orkuveitu Reykjavíkur og Háskóli Íslands fer fyrir vísindaráði verkefnisins. Aðrir samstarfsaðilar eru Columbia háskóli í Bandaríkjunum og Rannsóknarráð franska ríkisins, NanoGeoScience við Kaupmannahafnarháskóla og spænska ráðgjafafyrirtækið AMPHOS 21. Að verkefninu hefur komið fjöldi vísindamanna sem eru framarlega á sviði loftslagsmála. Fjöldi doktorsnema hefur unnið eða er að vinna lokaverkefni sín í tengslum við verkefnið, þar af nokkrir Íslendingar. Fjöldi ritrýndra fræðigreina hefur birst á síðustu misserum tengdar verkefninu.

Orkurannsóknahluti 7. rammaáætlunar ESB, hefur haft trú á CarbFix verkefninu sem hlaut styrk sem nemur 1,57 milljón evra á síðasta ári. Styrkurinn er veittur öllum aðilum verkefnisins en rúmlega helmingur styrksins rennur til íslensku þátttakendanna. Fyrir

tæpum tveimur árum veitti Bandaríska orkumálaráðuneytið verkefninu einnar milljónar dala styrk og rann hann til hinna bandarísku samstarfsaðila við Columbia háskólann.

Orkuveita Reykjavíkur vill taka það fram að þróun og hugvit vísindamanna í CarbFix verkefninu hefur nýst beint í þróun búnaðar í SulFix nýsköpunarverkefninu, þar sem unnið er að því með umhverfisvænum hætti að draga úr styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti og dæla því niður í berglög. Í því verkefni er blöndu af brennisteinsvetni, koltvísýringi og vatni dælt niður í jarðhitageyminn. Fjallað hefur verið um CarbFix og SulFix aðferðirnar og þeim lýst sem mótvægisáðgerðum í mati á umhverfisáhrifum jarðvarmavirkjana á Hengilssvæðinu og í úrskurðum Skipulagsstofnunar vegna þessara verkefna.

CarbFix verkefnið er ekki af þeirri stærðargráðu að það falli undir gildissvið tilskipunarinnar en hins vegar hefur verið horft til þess að unnt verði að nýta þessa aðferð hérlendis á iðnaðarskala í framtíðinni. Útblástur brennisteinsvetnis er nú um stundir einn af mikilvægustu umhverfisþáttum í rekstri jarðvarmavirkjana og er SulFix verkefnið það umhverfisverkefni sem mest áhersla er lögð á að hrinda í framkvæmd og fá niðurstöður úr. Þar er eins og fram hefur komið blöndu af koltvísýringi og brennisteinsvetni dælt saman í berglög. Ljóst er að banni stjórnvöld geymslu á koltvísýringi í berglögum setur það áform Orkuveitu Reykjavíkur um að nýta SulFix lausnina á iðnaðarskala í uppnám. Orkuveita Reykjavíkur leggst því alfarið gegn því að stjórnvöld nýti þá heimild í tilskipuninni að banna geymslu koltvísýrings í skilningi tilskipunarinnar á öllu yfirráðasvæði Íslands. Þrátt fyrir að því sé haldið fram að unnt verði að draga bannið til baka og heimila kolefnisföngun og –geymslu síðar, er ljóst að erfitt kann að reynast að aflétta banni sem komið er á.

Virðingarfyllt,



Elín Smáradóttir, hdl.



Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstjóri

Afrit sent: Samorku, Orkustofnun
og Skipulagsstofnun